

Skýrsla stjórnar Orkuveitu Húsavíkur ehf. 2006



Aðalfundur 26. mars 2007

Skýrsla stjórnar Orkuveitu Húsavíkur ehf. fyrir árið 2006.

Almennt

Aðalfundur Orkuveitu Húsavíkur ehf. fyrir árið 2006 var haldinn í fundarsal stjórnarsýsluhúss Norðurþings þann 4. apríl 2007. Í stjórn félagsins sem kosin var á stofnfundi voru Aðalsteinn Á. Baldursson sem jafnframt var stjórnarformaður, Böðvar Bjarnason, og Sigurjón Benediktsson. Þann 29. júní 2006 var boðað til hluthafafundar, þar sem kosin var ný stjórn sem í eru Jón Grímsson sem jafnframt er stjórnarformaður, Sigurjón Benediktsson og Aðalsteinn Á. Baldursson. Stjórn félagsins hélt 12 stjórnarfundum á síðasta starfsári. Auk fastra stjórnarfunda voru fjölmargir vinnufundir framkvæmdastjóra og stjórnarformanns.

Orkuveitan er hluthafi í nokkrum fyrirtækjum og aðili að ýmsum samtökum s.s. Þeistareykjum hf, Samorku, Exorku hf, Hrafnabjörgum hf, Netorku hf og Íslenskri Orku hf.

Á síðasta starfsári voru átta starfsmenn í fullu starfi hjá fyrirtækinu.


Sveitarfélagið Norðurþing á Orkuveitu Húsavíkur ehf 100%. Framkvæmdastjóri er Hreinn Hjartarson.

Starfsemi félagsins var með hefðbundnu sniði á starfsárinu.

Hitaveita


Rekstur hitaveitukerfis gekk vel á árinu en sala á heitu vatni stóð nokkurn vegin í stað á milli ára. Salan nam 95,5 millj. króna í stað 94,6 millj. árið 2005. Heitavatnssala í m³ minnkaði lítillega á síðasta ári miðað við árið á undan og er skýringa að öllum líkindum að leita í veðurfari. Hafin var skoðun á því á árinu hvort hagkvæmt væri að yfirtaka Hitaveitu Aðaldals og Kinnar, einnig var í skoðun hver væri framtíð annarra veitufyrirtækja á svæðinu en flest þeirra eru nú í eigu hins nýja sameinaða sveitarfélags Norðurþings .

Heitavatnssala á Húsavík 2001-2006



Vatnsveitukerfi.

Rekstur vatnsveitu var með ágætum á árinu en vatnssala hefur staðið í stað milli ára og var um 36,9 millj. á árinu 2006. Kaldavatnssala um mæli hefur minnkað úr kr. 9,7 millj. 2005 í 5,8 millj. 2006. Rækjuverksmiðjan Íshaf hf áður rækjuverksmiðja FH hf sem í gegnum árin var stærsti viðskiptavinur vatnsveitu hætti starfsemi á árinu 2005 og hefur vatnssala því minnkað verulega á síðustu tveimur árum af þeim orsökum. Tekjur vatnsveitu af vatnsgjaldi hafa aftur á móti aukist með hækkandi fasteignamati. Áfram var unnið að frágangi vatnstökusvæða.




Rafveitukerfi

Raforkusala árið 2006 var 44,8 millj. kr. á móti 43,7 millj. árið áður. Tekjur vegna raforkudreifingar var 60,1 milljónir, þar af vegna flutnings 9,9 milljónir, en voru 48,8 millj. árið 2005. Tekjur vegna varaafls numu svo 0,4 millj. árið 2006.

Rekstur raforkukerfa var án meiriháttar áfalla, en raforkunotkun minnkaði um 4% milli ára þar sem heldur hefur dregið úr notkun fyrirtækja og vegur lokun rækjuverksmiðju þar mestu.

Tekin var í notkun ný spennisstöð í Hrismóum sem þjónar sorpbrennslu og væntanlegri byggð á svæðinu. Unnið var að spennuhækkun úr 230 V í 400 V í hluta norðurbæjar.




Orkustöð

Raforkuvinnsla í Orkustöð var 16% minni á árinu 2006 en 2005 sem var metár. Almennt gekk reksturinn vel ef frá er talið um mánaðar stopp vegna endurnýjunar á dælu og yfirferðar á túrbínu, auk bilunar á áspétti, fyrri hluta ársins.

Í lok árs var ráðin bót á ammoníakleka með áspétti sem hefur verið sá þáttur í rekstri Orkustöðvar sem valdið hefur hvað mestum kostnaði.

Rör í sjóðara fóru í sundur í nokkur skipti, með tilheyrandi ammoníaksmengun í heitu vatni, og er ljóst að það er viðvarandi vandmál í rekstri Orkustöðvar. Auðvelt er að gera við þessar bilanir, en þær geta valdið óþægindum hjá notendum þar sem minnsti votur af ammoníaki veldur sterkri lykt. Ammoníak í heitu vatni er þó langt innan allra hættumarka en unnið verður að því að koma í veg fyrir þetta vandamál.

Raforkuframleiðsla í Orkustöð 2001-2006



Ýmis verkefni

Á árinu 2006 voru lagðar nýjar lagnir í Stakkholt og Lyngholt og lokið var við tengingu sorpstöðvar.

Dæling heilsuvatns fyrir sundlaug hófst úr holu á Höfða, en dæla bilaði í lok árs vegna framleiðslugalla og er unnið að endurbótum.

Fjarskiptakerfi.

Áfram var haldið við uppbyggingu fjarskiptanets á Húsavík. Ídráttarkerfi var ávallt lagt samhliða jarðvegsframkvæmdum, til síðari nota. Í Lyngbrekku, Stakkholt og Langholt var lagt rökakerfi (brunnar og ídráttarrör) til ídráttar ljósleiðara seinna meir. Eitt fyrirtæki tengdist ljósleiðaranetinu á árinu, með samtals 5 tengistöðum.

Bókhaldskerfi

Árið 2006 var nýtt bókhaldskerfi notað til bókhaldsskráningar fyrirtækisins. Hægt er að fullyrða að öll skýrslugerð og upplýsingaöflun er með allt öðrum hætti en hingað til, og miklu betri. Þannig er t.d. vinna við ársreikninga mun einfaldari og fljótlegri en hingað til. Þá var unnið við þróun og uppsetningu verkbókhalds og má segja að þeim hluta sé að mestu lokið þó áframhaldandi þróun verði ávallt í gangi.

Þá vann Orkuveitan að ýmsum öðrum verkefnum á sviði orkuöflunar og rannsókna auk þess að staða fyrirtækisins á samkeppnismarkaði er sífellt í skoðun stjórnar og starfsmanna.


Ársreikningurinn

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningi fyrir árið 2006. Rekstrartekjur ársins námu kr. 254.314.262 og rekstrargjöld án afskrifta kr. 155.755.717. Afskriftir námu kr. 69.849.351 og rekstrarhagnaður því kr. 28.709.194. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, nettó, voru neikvæð um kr. 166.998.645 og var gengistap þar af kr. 130.671.051. Tekjuskattur (skattainneign) nam kr. 114.297.598 og er því tap ársins kr. 23.991.853.

Í árslok 2006 voru heildareignir félagsins bókfærðar á kr. 1.433.658.608 og skuldir samtals kr. 1.022.294.148. Eigið fé nam kr. 411.364.460 og eiginfjárlutfall því 28,7%. Hreint veltufé nam kr. 121.286.709 á árinu 2006.

Lokaorð

Nú á síðstu árum hefur heldur dregið úr orkunotkun á svæðinu jafnhliða og orkuverð til notenda hefur lækkað verulega í samanburði við viðurkennda viðmiðunarstaðla sem er sama þróun og hjá öðrum orkufyrirtækjum. Til að auka og tryggja tekjur veitunnar er mikilvægt að fyrirtæki hér á svæðinu eflist og íbúum fjölgi. Orkuveitan hefur haft frumkvæði í að fá orkufrekan iðnað inn á svæðið og er beinn þáttakandi í orkuöflun fyrir álver við Bakka. Með eignaraðild Orkuveitunnar að Þeistareykjum hf er svæðinu tryggður aðgangur að raforku og varmaorku til framtíðar. Með eignaraðildinni gefast jafnframt möguleikar á að draga nýjan orkufrekan iðnaði inn á svæðið og afla fleiri viðskiptavina.



Núverandi stjórn telur mikilvægt að unnið verði að því að koma allri starfsemi Orkuveitunnar fyrir á einum stað við Orkustöð. Þar horfa menn til þess að byggt verði verkstæði og skrifstofuhúsnæði. Markmiðið með þessari aðgerð væri að samþætta starfsemina í eina heild til að ná betri yfirsýn yfir rekstur veitunnar.

Stjórnin vill að lokum þakka starfsmönnum og eigendum fyrirtækisins fyrir samstarfið á árinu. Stjórnin telur að stígið hafi verið stórt skref til framfara þegar rekstrarfyrirkomulagi Orkuveitunnar var breytt í ehf.. Þessar rekstrarbreytingar voru nauðsynlegar í því samkeppnisumhverfi sem Orkuveitan starfar nú í og verður vonandi til þess að Orkuveitan styrkist í næstu framtíð viðskiptavinum og eigendum hennar til hagsbóta.

F.h stjórnar Orkuveitu Húsavíkur

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.